

Hafnarfirði 29. ágúst 2023

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Skólastarfið fer vel af stað og eru nú allir nemendur skólans komnir með fasta stundatöflu. Ég vil leggja á það áherslu að mikilvægt er að leggja alúð við skólastarfið alveg frá fyrsta degi, þ.e. **að mæta vel með bækur og ritföng og vinna heimavinnuna jafnt og þétt**. Það er gömul saga og ný að það að taka þátt og skuldbinda sig í námi skilar sér í betri námsárangri. Það léttir líka lífið og öll verkefni vinnast betur. Í þessu samhengi vil ég minna á **ritver skólans sem er opið þrisvar í viku**. Þar gefst nemendum tækifæri á að fá aðstoð við verkefnavinnu og ritgerðarskrif. **Opnunartíma** má sjá á heimasíðu skólans, sjá [hér](#).

Til að styðja enn frekar við nemendur okkar í námi munum við frá og með næsta þriðjudegi bjóða upp á vikuleg raungreinaver, **en þar er hægt að fá aðstoð í stærðfræði og raungreinum**, nemendum skólans að kostnaðarlausu. Fyrsti tíminn verður **þriðjudaginn 30. ágúst kl. 15:45-16:45 í stofu H202**. Ég hvet ykkur til að nýta þessa þjónustu enda einstakt tækifæri til þess að fá aðstoð frá kennurum við að klára að reikna skiladæmi eða undirbúa sig fyrir næsta hlutapróf. Þá er einnig fyrirhugað að bjóða upp á aðstoð í hádegishléi og verður það auglýst nánar síðar.

Ef eitthvað kemur upp á í náminu þá er gott að leita til **náms- og starfsráðgjafa skólans**, þeirra Helgu og Sunnu, en þær eru ávallt tilbúnar til að leiðbeina nemendum í öllum þeirra málum. Þá er einnig gott að vita af Rannveigu Klöru, **nemenda og kennsluráðgjafa**, en hún tekur m.a. við greiningum vegna námsörðugleika.

Ég vil einnig nota tækifærið og hvetja til **góðrar umgengni í stofum og í matsal skólans**. Við erum grænn og vænn skóli og í því felst meðal annars að bera virðingu fyrir umhverfi okkar, góðrar nýtingar á hlutunum í kringum okkur og flokkunar á rusli. Þá er vakin athygli á því að hér er nemandi með **mikið ofnæmi fyrir sítrusávöxtum**; appelsínum, mandarínnum o.fl. og bið ég nemendur vinsamlegast um að taka tillit til þess og ekki koma með slíka ávexti í nesti.

Að lokum, það er ýmislegt á dagskrá í skólastarfinu í september. Nú stendur yfir svokölluð **nýnemavika** þar sem vel er tekið á móti nýnemum. Vikan nær hápunkti sínum á **fimmtudaginn 31. ágúst** en þá býður NFF öllum nýnemum í **nýnemaferð**. **Lagt verður af stað frá Flensborg kl. 09:45** og komið heim kl. 15:00. Ég hvet alla nýnema til að taka þátt í fjörinu. Einnig er verið að undirbúa nýnemadansleik í byrjun september. Skólinn býður því foreldrum nýnema á **kynningarfund þriðjudaginn 5. september, kl. 17:00** en þá verður farið yfir það helsta í skólastarfinu og foreldrar fá tækifæri til að hitta m.a. bekkjarkennara og nemendabjónustuna. Meira um þetta síðar.

Þangað til - áfram þið og áfram Flensborg!

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskóla

Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland

www.flensborg.is

S: +354 565 0400

